REGLUGERÐ

um Íþróttasjóð.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 87/1989 um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

2. gr.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð er nefnist Íþróttasjóður. Framlög úr Íþróttasjóði skal veita til sérstakra verkefna á vegum félaga eða félagasamtaka í því skyni að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið, Íþróttanefnd ríkisins, fer með málefni Íþróttasjóðs. Íþróttanefnd gerir tillögur til menntamálaráðherra og Alþingis um fjárveitingar úr sjóðnum.

4. gr.

Umsóknir um stuðning úr Íþróttasjóði skulu berast Íþróttanefnd ríkisins, menntamálaráðuneytinu, fyrir 1. maí ár hvert. Með umsóknunum þarf að berast greinargerð um fyrirhugað verkefni. Þeir sem æskja áframhaldandi stuðnings þurfa að sækja um fjárframlag árlega og leggja fram greinargerð um stöðu framkvæmda.

5. gr.

Fjárveitingar úr Íþróttasjóði eru háðar fjárveitingum á fjárlögum hvers árs. Árleg fjárveiting felur ekki í sér skuldbindingu um síðari styrkveitingar.

6. gr.

Tillögur um styrkveitingar úr Íþróttasjóði skulu taka mið af normum (viðmiðun) menntamálaráðuneytisins um slíkar styrkveitingar. Viðmiðanir þessar skulu kynntar fjárveitinganefnd Alþingis við undirbúning fjárlaga ár hvert.

7. gr.

Verkefni sem styrki hljóta úr Íþróttasjóði samkvæmt reglugerð þessari skulu vera til almennra afnota eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Íþróttamannvirki, sem styrk hefur hlotið úr Íþróttasjóði, má hvorki gefa né selja, nema samþykki Íþróttanefndar komi til, enda endurgreiðist þá til Íþróttasjóðs sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til viðkomandi íþróttamannvirkis.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. desember 1989.

Svavar Gestsson.

Knútur Hallsson.